

# Flutningsskilmálar

Fyrir fjölpáttaflutning og flutning frá höfn til hafnar



**E** EIMSKIP



## Farmskírteini fyrir fjölbáttaflutning eða flutning frá höfn til hafnar

EIMSKIP hvetur viðskiptamenn sína til þess að kynna sér vel flutningsskilmála félagsins og aðra viðeigandi skilmála þess, eftir því sem við á, þar sem skilmálarnir marka réttarstöðu þeirra gagnvart EIMSKIP. EIMSKIP bendir á, að þegar viðskiptamaður tekur við farmskírteini eða fellst á að vörur séu fluttar samkvæmt fylgibréfi fellst hann á og samþykkir flutningsskilmálana sem og öll skilyrði og undanþágur sem fram koma í viðkomandi farmbréfi, hvort sem þeir eru handskrifaðir, prentaðir, stimplaðir eða felldir inn í farmbréfið á annan hátt, með sama hætti og ef þeir væru undirritaðir af viðskiptamanni.

### Ákvæði um „móttöku til flutnings“ á forsíðu (farmskírteini):

Farmflytjandi hefur móttakið frá viðskiptamanni tilgreindan fjölda eða magn gáma, annarra pakka eða eininga, að því er séð verður í góðu lagi og ástandi (nema annars sé getið í farmskírteini þessu), sem viðskiptamaður segir samanstanda af ofangreindum vörum, til flutnings samkvæmt öllum skilmálum farmskírteinisins (PAR MEÐ TÖLDUM SKILMÁLUM, SKILYRÐUM OG UNÐANÞÁGUM Á BAKHLIÐ FARMSKÍRTEINISINS OG SKILMÁLUM, SKILYRÐUM OG UNÐANÞÁGUM VIÐEIGANDI GJALDSKRÁR FARMFLYTJANDA) frá móttökustað eða lestunarhöfn, hvort sem við á, að losunarhöfn eða afhendingarstað, hvort sem við á. Með því að taka við farmskírteini þessu samþykkir viðskiptamaður beinlínis og fellst á alla skilmála þess, skilyrði og undanþágur hvort sem prentaðar eru, stimplaðar, skrifaðar eða felldar inn á annan hátt þrátt fyrir að viðskiptamaður hafi ekki undirritað farmskírteini þetta.

Einu frumriti farmskírteinis verður að skila, rétt framseldu, í skiptum fyrir vöruna eða afhendingarheimild.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa þrjú (3) frumrit farmskírteina (nema annars sé getið í skjali þessu) öll samhljóða og eins dagsett verið undirrituð, en þegar einu þeirra hefur verið fullnægt ógildast hin.

### Ákvæði um „móttöku til flutnings“ á forsíðu (óframseljanlegt fylgibréf):

Farmflytjandi hefur móttakið frá viðskiptamanni tilgreindan fjölda eða magn gáma, annarra pakka eða eininga, að því er séð verður í góðu lagi og ástandi (nema annars sé getið í óframseljanlegu fylgibréfi þessu), sem viðskiptamaður segir samanstanda af ofangreindum vörum, til flutnings samkvæmt öllum skilmálum óframseljanlega fylgibréfsins (PAR MEÐ TÖLDUM SKILMÁLUM, SKILYRÐUM OG UNÐANÞÁGUM Á BAKHLIÐ ÓFRAMSELJANLEGA FYLGIBRÉFSINS OG SKILMÁLUM, SKILYRÐUM OG UNÐANÞÁGUM VIÐEIGANDI GJALDSKRÁR FARMFLYTJANDA) frá móttökustað eða lestunarhöfn, hvort sem við á, að losunarhöfn eða afhendingarstað, hvort sem við á.

Með því að fallast á að varan verði flutt samkvæmt óframseljanlegu fylgibréfi þessu samþykkir sendandi beinlínis og fellst á alla skilmála þess, skilyrði og undanþágur hvort sem prentaðar eru, stimplaðar, skrifaðar eða felldar inn á annan hátt, fyrir sína hönd og fyrir hönd viðtakanda og eiganda vörunnar og viðskiptamanns og ábyrgist að hann hafi heimild til að gera það þrátt fyrir að enginn þeirra hafi undirritað óframseljanlegt fylgibréf þetta og án tillits til hvort þeir hafi fengið eintak af því eða ekki. Sérhver tilvísun í skjali þessu til orðsins „farmskírteini“ ber að lesa og túlka sem tilvísun til orðanna „óframseljanlegt fylgibréf“.

Hafi sendandi ekki gefið farmflytjanda skriflegar upplýsingar um annað fyrir afhendingu, mun afhending fara fram til skráðs viðtakanda, eða staðfests umboðsmanns hans sem sanni á sér deili, í losunarhöfn eða á afhendingarstað, hvort sem við á. Óski viðtakandi afhendingar til annars aðila og/eða á annað heimilisfang, en segir hér að ofan í reitnum fyrir viðtakanda, verður viðtakandi að gefa farmflytjanda eða umboðsmanni hans skriflega fyrir mæli um slíkt. Ef sendandi fellur ekki beinlínis frá rétti sínum til þess að hafa umráð yfir vörunni þar til afhending fer fram með ákvæði á framhlið óframseljanlega fylgibréfs þessa, eru slík fyrir mæli frá viðtakanda háð hverskyns andstæðum fyrir mælum frá sendanda.

Öll farmskírteini og fylgibréf EIMSKIPS (sameiginlega kölluð farmbréf) hafa að geyma enska útgáfu af flutningsskilmálum félagsins. Í handbók þessari er að finna íslenska þýðingu á þessum flutningsskilmálum ásamt þeirri ensku, eins og hún birtist í farmbréfunum. Beri eitthvað á milli ensku og íslensku útgáfunnar skal enska útgáfan ganga framur og gilda.

### “Received for shipment” clause on front page (B/L):

Received by the Carrier from the Merchant in apparent good order and condition (unless otherwise noted herein) the total number or quantity of Containers or other packages or units indicated, stated by the Merchant to comprise the Goods specified above, for Carriage subject to all the terms hereof (INCLUDING THE TERMS, CONDITIONS AND EXCEPTIONS ON THE REVERSE HEREOF AND THE TERMS, CONDITIONS AND EXCEPTIONS OF THE CARRIER'S APPLICABLE TARIFF) from the Place of Receipt or the Port of Loading, whichever is applicable, to the Port of Discharge or the Place of Delivery, whichever is applicable. In accepting this Bill of Lading the Merchant expressly accepts and agrees to all its terms, conditions and exceptions whether printed, stamped or written or otherwise incorporated, notwithstanding the non-signing of this Bill of Lading by the Merchant.

One of the original Bills of Lading must be surrendered duly endorsed in exchange for the Goods or delivery order.

IN WITNESS whereof three (3) original Bills of Lading (unless otherwise stated herein) all of this tenor and date have been signed one of which being accomplished the other(s) to be void.

### “Received for shipment” clause on front page (Sea Waybill):

Received by the Carrier from the Merchant in apparent good order and condition (unless otherwise noted herein) the total number or quantity of Containers or other packages or units indicated, stated by the Merchant to comprise the Goods specified above, for Carriage subject to all the terms hereof (INCLUDING THE TERMS, CONDITIONS AND EXCEPTIONS ON THE REVERSE HEREOF AND THE TERMS, CONDITIONS AND EXCEPTIONS OF THE CARRIER'S APPLICABLE TARIFF) from the Place of Receipt or the Port of Loading, whichever is applicable, to the Port of Discharge or the Place of Delivery, whichever is applicable.

In accepting that the Goods be carried under this Non-Negotiable Sea Waybill the Shipper expressly accepts and agrees to all its terms, conditions and exceptions whether printed, stamped or written or otherwise incorporated, on his own behalf and on behalf of the Consignee and the Owner of the Goods and the Merchant, and warrants that he has authority to do so, notwithstanding the non-signing of this Non-Negotiable Sea Waybill by any of them and regardless of whether they actually receive a copy thereof or not. Every reference herein to the words “Bill of Lading” shall be read and construed as a reference to the words “Non-Negotiable Sea Waybill”.

Unless written instructions to the contrary are given by the Shipper to the Carrier prior to delivery, delivery will be made to the Consignee named, or his authorized agent, on production of proof of identity at the Port of Discharge or the Place of Delivery, whichever is applicable. Should the Consignee require delivery to a party and/or premises other than as shown above in the “Consignee” box, then written instructions must be given by the Consignee to the Carrier or its agent. Unless the Shipper expressly waives his right to control the Goods until delivery by means of a clause on the face hereof, such instructions from the Consignee will be subject to any instructions to the contrary by the Shipper.

# Farmskírteini fyrir fjölþáttaflutning eða flutning frá höfn til hafnar (baksíða)

## 1. Skilgreiningar:

„**Farmflytjandi**“ þýðir í farmskírteini þessu Eimskip Ísland ehf., viðskiptanafn EIMSKIP.

„**Flutningur**“ þýðir öll framkvæmd og þjónusta, eða hluti þeirra, sem farmflytjandi tekur að sér vegna vöru, er farmskírteini þetta á við um.

„**Skip**“ þýðir skipið sem nefnt er í farmskírteini þessu og tekur einnig til sérhvers skips, sem kemur í stað hins upphaflega, svo og sérhvers skips, fars eða pramma er umskipa má í vegna efnda þessa samnings.

„**Viðskiptamaður**“ felur í sér, hvern fyrir sig og sameiginlega, sendanda, móttakanda, viðtakanda, handhafa þessa farm skírteinis, hvern þann aðila sem á vöruna eða á rétt til eignarhalds á henni eða þessu farmskírteini, svo og hvern þann er starfa sem starfs- eða umboðsmaður eða á annan hátt í þágu einhvers þeirra.

„**Handhafi**“ þýðir sérhver aðili sem hverju sinni hefur farmskírteini þetta í vörslu sinni, sem eignarráð vörunnar hafa gengið til við eða vegna sendingar á vörunni eða afsals eða framsals farmskírteinis þessa eða á annan hátt.

„**Aðili**“ felur í sér einstakling, hóp, lögpersónu, fyrirtæki eða annars konar einingu.

„**Vara**“ þýðir allur eða hluti farms sem móttakinn er frá sendanda og felur í sér hverskyns gáma, sem ekki eru látnir í té af farmflytjanda eða fyrir hans hönd.

„**Gjöld**“ innifela farmgjald og öll gjöld, álögur, kostnað, útgjöld og fjárskuldbindingar, sem viðskiptamaður hefur stofnað til og ber að greiða.

„**Fjölþáttaflutningur**“ verður til þegar móttökustaður og/ eða afhendingarstaður er/eru tilgreindur/ir á framhlið þessa skjals.

„**Flutningur frá höfn til hafnar**“ verður til þegar flutningur, sem tilgreindur er í farmskírteini þessu, er ekki fjölþáttaflutningur.

„**Gámur**“ innifelur hverskyns gám, flutningseiningu án þaks, tengivagn, flytjanlegan geymi, fleti, pall eða bretti, eða hverskyns sambærilega flutningseiningu, sem notuð er til að halda vörum saman.

„**FCL**“ og „**LCL**“ skal þýða eftirfarandi:

– **FCL/FCL** þýðir að viðskiptamaður ber ábyrgð á hleðslu og losun gáms, jafnvel þótt farmflytjandi framkvæmi raunverulega slíka aðgerð fyrir hans hönd.

– **LCL/LCL** þýðir að farmflytjandi ber ábyrgð á hleðslu og losun gáms.

– **FCL/LCL** þýðir að viðskiptamaður ber ábyrgð á hleðslu gáms, jafnvel þótt farmflytjandi framkvæmi raunverulega slíka aðgerð fyrir hans hönd, og að farmflytjandi ber ábyrgð á losun gáms.

– **LCL/FCL** þýðir að farmflytjandi ber ábyrgð á hleðslu gáms og að viðskiptamaður ber ábyrgð á losun gáms, jafnvel þótt farmflytjandi framkvæmi raunverulega slíka aðgerð fyrir hans hönd.

„**SDR**“ Sérstök dráttarréttindi eins og þau eru skilgreind af Alþjóðdagjaldeyrissjóðnum og innleidd með SDR-samningnum (1979).

„**SDR-samningur (1979)**“ er samningurinn, sem undirritaður var í Brussel hinn 21. desember 1979 til breytinga á Haagreglunum.

„**Haagreglurnar**“ eru ákvæði Alþjóðasamningsins um samræmingu ákvæðinna reglna sem varða farmskírteini og undirritaður var í Brussel 25. ágúst 1924, eins og þeim hefur verið breytt með samningi, sem undirritaður var í Brussel 23. febrúar 1968 og með SDR-samningnum (1979).

„**US COGSA**“ eru lög Bandaríkja Norður-Ameríku um vöru flutninga á sjó, sem samþykkt voru 16. apríl 1936.

## 2. Gjaldskrá farmflytjanda:

Skilmálar gildandi gjaldskrár farmflytjanda eru felldir inn í skjal þetta (gjaldskrá). Eintök af viðeigandi ákvæðum gildandi gjaldskrár fást hjá farmflytjanda eða umboðsmönnum hans samkvæmt beiðni. Sé ósamræmi milli farmskírteinis þessa og gildandi gjaldskrár ræður farmskírteini þetta, nema þegar um er að tefla útreikning flutningsgjalds eða annarra gjalda, en í því tilfelli ræður gjaldskráin.

## 3. Ábyrgð viðskiptamanns:

- (i) Viðskiptamaður ábyrgist að með því að fallast á skilmála og skilyrði þessi er hann eigandi eða rétthafi vörunnar og farmskírteinisins eða hefur heimild slíks aðila.
- (ii) Viðskiptamaður ábyrgist gagnvart farmflytjanda að upplýsingarnar um vöruna eins og þær eru ritaðar á framhlið hafi verið athugaðar af sendanda við móttöku farmskírteinis þessa og að þær upplýsingar og hverskyns aðrar upplýsingar, sem veittar hafa verið af sendanda eða fyrir hans hönd, séu efnislega réttar og tæmandi að öllu leyti og að farmflytjandi gefi ekki beint eða óbeint neinskonar yfirlýsingu um upplýsingarnar neinum aðila til hagsbóta.
- (iii) Viðskiptamaður ábyrgist að varan sé í þannig ástandi og sé pakkað á þann hátt að hún þoli þær venjulegu hættur sem felast í þeim flutningi sem gert er ráð fyrir í farmskírteini þessu með tilliti til eðlis hennar og þannig að hún fullnægi öllum lögum, reglugerðum og skilyrðum sem um hana kunna að gilda.

## 4. Ráðning undirverktaka:

- (i) Farmflytjanda er heimilt að ráða undirverktaka á hvaða skilmálum sem er til að annast allan eða hluta flutningsins, fermingu, affermingu, geymslu, vörugeymslustarfsemi, meðhöndlun og, án takmörkunar, hverskyns aðrar skyldur hverju nafni sem nefnast, sem farmflytjandi hefur tekið að sér í tengslum við vöruna.
- (ii) Viðskiptamaður skuldbindur sig til að sjá til þess að ekki verði sett fram nein krafa eða ásökun á hendur neinum starfsmanni, umboðsmanni eða undirverktaka farmflytjanda, þar með taldir, en ekki takmarkað við, hleðslumenn og rekstraraðila vörugeymslna, sem leggur á þá eða leitast við að leggja á einhvern þeirra eða skip í eigu þeirra nokkra ábyrgð í sambandi við vöruna, eða flutning vörunnar, og ef einhver slík krafa eða ásökun væri engu að síður gerð að verja farmflytjanda, bæta honum skaðann og halda honum skaðlausum af öllum afleiðingum þess. Án áhrifa á framangreint skal sérhver slíkur starfsmaður, umboðsmaður eða undirverktaki njóta hagsbóta af öllum undanþágum, takmörkunum, ákvæðum, skilyrðum og réttindum í skjali þessu, sem eru til hagsbóta fyrir farmflytjanda eins og slík ákvæði væru beinlínis gerð til hagsbóta fyrir þá; og þegar farmflytjandi gerir þennan samning gerir hann það, hvað þessi ákvæði varðar, ekki eingöngu fyrir sína hönd, heldur einnig sem umboðsaðili og fulltrúi slíkra starfsmanna, umboðsmanna og undirverktaka. Farmflytjandi á rétt til greiðslu úr hendi viðskiptamanns, þegar krafist er, á hverskyns upphæð, sem slíkur viðskiptamaður endurheimtir eða getur endurheimt frá sérhverjum starfsmanni, umboðsmanni eða undirverktaka farmflytjanda vegna hverskyns taps, skemmda, tafa eða annars.
- (iii) Orðið „undirverktaki“ í þessari grein skal ná til beinna og óbeinna undirverktaka sem og starfsmanna og umboðsmanna þeirra.

(iv) Viðskiptamaður skuldbindur sig ennfremur til að sjá til þess að engin krafa eða ásökun, hvernig sem slíkt tengist vörunni, sem leggur eða leitast við að leggja á farmflytjanda nokkra skuldbindingu, hverju nafni sem nefnist, í sambandi við vöruna eða flutning vörunnar, hvort sem hún leiðir af vanrækslu af hendi farmflytjanda eða ekki, verði gerð á hendur farmflytjanda af hendi neins aðila, nema samkvæmt skilmálum og skilyrðum þessa farmskírteinis, og ef slík krafa eða ásökun verður engu að síður gerð, að verja farmflytjanda, bæta honum skaðann og halda honum skaðlausum af öllum afleiðingum þess.

## 5. Ábyrgð farmflytjanda: Flutningur frá höfn til hafnar:

Ef flutningur, samkvæmt farmskírteini þessu, er frá höfn til hafnar skal ábyrgð farmflytjanda (ef einhver er) vegna taps eða skemmda á vörunni, sem verða frá og með fermingu vörunnar í hverskyns skip til og með affermingar úr skipinu eða úr öðru skipi, sem vörunni hefur verið umskipað í, ákvörðuð samkvæmt þeim landslögum er áskilja að Haagreglurnar gildi um farmskírteini þetta eða að öðrum kosti samkvæmt Haagreglunum. Þrátt fyrir framangreint ber farmflytjandi alls enga ábyrgð vegna taps eða skemmda á vörunni, hvernig sem þær orsakast, þegar slíkt tap eða skemmdir verða fyrir fermingu í eða eftir affermingu úr skipinu.

## 6. Ábyrgð farmflytjanda: Fjölpáttaflutningur:

Ef flutningur, samkvæmt farmskírteini þessu, er fjölpáttaflutningur tekur farmflytjandi framkvæmdina að sér og/eða útvegur í eigin nafni framkvæmd flutningsins frá viðtökustað eða lestunarahöfn, hvort sem við á, til losunarhafnar eða afhendingarstaðar, hvort sem við á, og að undanskildu því sem öðru vísi er áskilið í farmskírteini þessu, ber farmflytjandi ábyrgð á tapi eða skemmdum á vörunni, sem verða meðan á flutningi stendur, að því marki sem fram er tekið hér á eftir eða annars staðar í skilmálum þessum.

### (1) Ef ekki er vitað á hvaða stigi flutningsins tapið eða skemmdirnar urðu:

#### (a) Undanþágur.

Farmflytjandi skal vera án ábyrgðar á hverskyns tapi eða skemmdum ef slíkt tap eða skemmdir orsakast af:

- (i) athöfn eða athafnaleysi viðskiptamanns;
- (ii) ófullnægjandi eða gölluðum umbúðum eða merkingum;
- (iii) fermingu vörunnar af viðskiptamanni eða fyrir hans hönd;
- (iv) eðlislægum galla vörunnar;
- (v) verkfalli, verkbanni, stöðvun eða takmörkun vinnuafis;
- (vi) kjarnorkuslysi;
- (vii) hverskyns orsök eða tilfelli, sem farmflytjandi gat ekki komist hjá og gat ekki komið í veg fyrir með eðlilegri árvekni.

#### (b) Sönnunarbyrði.

Sönnunarbyrði um að tapið eða skemmdirnar hafi orðið vegna einnar eða fleiri orsaka eða tilfella er um getur í þessari 6. grein (1) hvílir á farmflytjanda nema farmflytjandi sýni fram á, að við viðkomandi aðstæður var hægt að kenna um einni eða fleiri af þeim orsökum eða tilfellum er greindir í 6. grein (1) (a) (ii), (iii) eða (iv) um tapið eða skemmdirnar, en þá ber

að telja að svo hafi verið. Viðskiptamaður á þó rétt á að sanna að tapið eða skemmdirnar hafi í raun hvorki orðið algjörlega né að hluta af einni eða fleiri orsökum þessum eða tilfellum.

### (c) Takmörkun ábyrgðar.

Að undanskildu því sem gert er ráð fyrir í 7. grein (iii) skulu samanlagðar bætur undir engum kringumstæðum fara fram úr SDR 2 fyrir hvert kílógramm brúttópunga tapaðrar eða skemmdrar vöru eða SDR 667 fyrir hvern pakka eða einingu, hvort sem hærra er.

### (2) Ef vitað er á hvaða stigi flutnings tapið eða skemmdirnar urðu:

Þrátt fyrir öll ákvæði 6. greinar (1), en jafnan að tilskildum 5., 21. og 25. greinum, ef vitað er á hvaða stigi flutningsins tapið eða skemmdirnar urðu, ber að ákvarða ábyrgð farmflytjanda á slíku tapi eða skemmdum:

(a) eftir ákvæðum hverskyns alþjóðasamþykktar eða landslaga, sem:

- (i) ófrávikjanleg eru með samningi til skaða fyrir viðskiptamann; og
- (ii) gilt hefðu ef viðskiptamaður hefði gert sérstakan samning við farmflytjanda um þann hluta flutningsins þar sem tapið eða skemmdirnar urðu og fengið í hendur því til staðfestingar eitthvert það skjal, sem gefa verður út til að gefa slíkri alþjóðasamþykkt eða landslögum gildi; eða

(b) ef engin alþjóðasamþykkt eða landslög giltu vegna 6. greinar (2) (a), eftir Haagreglunum ef vitað er að tapið eða skemmdirnar hafi orðið úti á sjó eða á vötnum, ám eða skurðum; eða

(c) samkvæmt ákvæðum 6. greinar (1) ef ákvæði 6. greinar (2) (a) eða (b) eiga ekki við. Að því er varðar þessa 6. grein (2) skulu tilvísanir í Haagreglunum til sjóflutninga teljast fela í sér tilvísun til flutninga á vötnum, ám eða skurðum og ber að túlka Haagreglurnar samkvæmt því. Ef Haagreglurnar gilda vegna 6. greinar (2) (b) takmarkast ábyrgð farmflytjanda eins og gert er ráð fyrir í 7. grein (iii).

### (3) Ef ekki er getið um viðtökustað eða afhendingarstað á forsiðu þessa skjals:

Ef ekki er getið um viðtökustað á forsiðu þessa skjals ber farmflytjandi alls enga ábyrgð á tapi eða skemmdum á vörunni, af hverju sem þær stafa, ef tapið eða skemmdirnar verða fyrir fermingu í skipið. Ef afhendingarstaðar er ekki getið á forsiðu þessa skjals ber farmflytjandi alls enga ábyrgð á tapi eða skemmdum á vörunni, af hverju sem þær stafa, þegar tapið eða skemmdirnar verða eftir affermingu úr skipinu.

## 7. Upphæð bóta:

(i) Að tilskyldum 5., 6., 8. og 25. greinum og málsgreinum (ii), (iii) og (iv) í þessari grein, þegar farmflytjandi ber bótaábyrgð vegna taps eða skemmda á vöru, ber að reikna slíkar bætur eftir verðmæti vörunnar samkvæmt vöruveikningi að viðbættum flutningsgjöldum og váttryggingu ef greidd hefur verið, en hverskyns tap að hluta eða skemmdir ber að reikna hlutfallslega.

(ii) Liggi verðmæti vörunnar samkvæmt vöruveikningi ekki fyrir skulu slíkar bætur reiknaðar eftir verðmæti slíkrar vöru á þeim stað og tíma þar sem og þegar afhending til viðskiptamanns fer fram samkvæmt samningi eða hana hefði átt að afhenda. Verðmæti vörunnar ber að ákvarða samkvæmt kauphallarverði eða, ef ekki er um slíkt verðlag að ræða, samkvæmt gildandi markaðsverði eða,

ef ekki er um að ræða neitt kauphallarverð eða gildandi markaðsverð, með vísan til eðlilegs verðmætis vöru sömu tegundar og gæða.

- (iii) Sé ekki beinlínis um annað samið í skjali þessu skulu bætur ekki vera hærri en SDR 2 fyrir hvert kílógramm brúttó þunga tapaðrar eða skemmdrar vöru eða SDR 667 fyrir hvern pakka eða einingu, hvort sem hærri er, nema verðmæti slíkrar vöru hafi verið gefið upp af sendanda fyrir fermingu og það skráð á forsiðu farmskírteinis þessa í reitinn með fyrirsögninni „vörulýsing“ og viðbótarflutningsgjald sé greitt af slíku uppgefnu verðmæti, sé þess krafist.
- (iv) Hafi verðmæti verið gefið upp samkvæmt þessari grein skal sérhvert tap að hluta eða skemmdir gerðar upp hlutfallslega á grundvelli slíks uppgefins verðmætis.

## 8. Almennt:

- (i) Farmflytjandi ábyrgist ekki að varan komi til losunarhafnar eða afhendingarstaðar á neinum sérstökum tíma eða nái nokkrum sérstökum sölusamningi, markaði eða notkun. Farmflytjandi er undir engum kringumstæðum ábyrgur fyrir nokkru beinu, óbeinu eða afleiddu tapi, skemmdum eða kostnaði, sem tafir orsaka.
- (ii) Sé annað ekki tilgreint í skjali þessu er farmflytjandi ekki undir neinum kringumstæðum eða á neinn hátt ábyrgur fyrir hvers konar beinu, óbeinu eða afleiddu tapi, skemmdum eða kostnaði eða fyrir ágóðatapi.
- (iii) Skilmálar farmskírteinis þessa ákvarða ábyrgð farmflytjanda í sambandi við eða vegna útvegna gáms fyrir viðskiptamann hvort sem er áður eða eftir að varan er móttækin af farmflytjanda til flutnings eða afhendingar til viðskiptamanns.

## 9. Tilkynning um tap og fyrning kröfu

- (i) Hafi farmflytjanda eða umboðsmönnum hans í losunarhöfn eða eftir atvikum á afhendingarstað ekki verið tilkynnt skriflega um tap eða skemmdir og almennt eðli slíks taps eða skemmda áður eða um leið og varan er færð í vörslu viðskiptamanns telst slík færsla veita löglíkur fyrir því að farmflytjandi hafi afhent vöruna eins og lýst er í farmskírteini þessu. Sé tapið eða skemmdirnar ekki sýnilegar verður að tilkynna slíkt skriflega innan þriggja daga frá afhendingu.
- (ii) Undir öllum kringumstæðum skal farmflytjandi vera laus undan allri ábyrgð nema mál sé höfðað og það sé tilkynnt innan eins árs frá afhendingu vörunnar eða þeim degi þegar vöruna hefði átt að afhenda.

## 10. Varnir og takmarkanir farmflytjanda, Vextir:

- (i) Þær undanþágur frá ábyrgð, varnir, réttindi og ábyrgðar-takmarkanir, sem fram koma í farmskírteini þessu gilda í hverskyns málarekstri gegn farmflytjanda vegna tafa, taps eða skemmda á vörunni hvernig sem til koma, hvort sem málaferlin byggjast á samningi eða skaðabótaskyldum verknaði utan samninga og jafnvel þótt tapið, skemmdir eða tafirnar hafi orsakast af óhaffærni, vanrækslu eða grundvallarbroti eða höfnun samnings.
- (ii) Ekki skal koma til vaxta af neinni kröfu á hendur farmflytjanda fyrr en frá uppkvaðningu dóms.

## 11. Flutningsaðferðir og leiðir:

- (1) Farmflytjanda er hvenær sem er og án þess að tilkynna viðskiptamanni heimilt að:

- (i) nota hverskyns flutnings- eða geymsluaðferð;
  - (ii) flytja vöruna úr einu flutningstæki í annað, þar með talið að umskipa eða flytja vöruna með öðru skipi en því sem tilgreint er á forsiðu eða með hverskyns öðrum flutningstækjum og jafnvel þótt umskipun eða flutningur vörunnar kunni ekki að hafa verið ætlaður eða gert ráð fyrir honum í skjali þessu;
  - (iii) sigla án hafnsögumanns, fara hvaða leið sem er, á hvaða hraða sem er, halda til, snúa aftur til og dvelja í hvaða höfn eða á hvaða stað sem er (þar með talin lestunarhöfn sem tilgreind er í skjali þessu), í hvaða röð sem er á leiðinni eða utan hennar eða í gagnstæða átt til eða fram hjá losunarhöfn einu sinni eða oftar til að taka eldsneyti eða ferma eða afferma farm eða til að taka um borð eða setja í land hvaða mann eða menn sem er, hvort sem er í sambandi við yfirstandandi, fyrri eða síðari ferð eða, án takmörkunar, í hverskyns öðrum tilgangi og fyrir afhendingu vörunnar í losunarhöfn eða á afhendingarstað, sem gert er ráð fyrir í skjali þessu, og í samræmi við framanskráðar heimildir fara frá og koma aftur í og losa vöruna í slíkri höfn, draga eða láta draga, fara reynsluferðir, stilla áttavita eða tæki eða annast viðgerðir eða fara í þurrkví með eða án farms um borð;
  - (iv) losa og fjarlægja vöru sem sett hefur verið í gám og/ eða senda hana áfram í gámum eða á annan hátt eins og farmflytjandi kann að ákvarða að eigin vali;
  - (v) ferma og afferma vöruna í hvaða höfn eða höfnum eða á hvaða stað eða stöðum sem er (hvort sem slík höfn er tilgreind á forsiðu sem lestunar- eða losunarhöfn eða ekki) og geyma vöruna án tímamarka á slíkri höfn eða höfnum eða á slíkum stað eða stöðum.
- (2) Hvað sem gert er eða látið ógert samkvæmt málsgrein (1) eða hverskyns tafir sem af því leiða skal telja innan umsamins flutnings og ekki úrleiðis.

## 12. Opinber fyrirmæli, styrjaldir, farsóttir, ís, verkföll o.fl.:

- (i) Skipstjóra og/eða farmflytjanda er frjálst að hlýðnast hverskyns fyrirskipunum, fyrirmælum eða tillögum varðandi fermingu, brottför, siglingaleiðir, viðkomuhafnir, stöðvanir, ákvörðunarstað, komu, affermingu, afhendingu eða önnur atriði sem berast frá ríkisstjórnnum eða hverskyns aðilum, sem starfa eða segjast starfa samkvæmt heimild ríkisstjórna eða frá hverskyns nefndum eða aðilum, sem rétt hafa til að gefa fyrirskipanir, fyrirmæli eða leggja fram tillögur samkvæmt skilmálum húftryggingar skipsins.
- (ii) Telji skipstjóri eða farmflytjandi, að fyrirhuguð ferð sé óörugg, ólögleg eða óráðleg vegna yfirvofandi eða yfirstandandi styrjalda, styrjaldaraðgerða eða ófriðar, má afferma vöruna í lestunarhöfn eða hvaða höfn annarri sem er og skipstjóri eða farmflytjandi telja örugga og hentuga.
- (iii) Fari svo, vegna hverskyns hindrana, áhættu, tafa, erfiðleika eða hverskyns óhagræðis (jafnvel þótt kringumstæðurnar, sem orsaka hindrun, töf, erfiðleika eða óhagræði hafi verið fyrir hendi þegar samningur þessi var gerður eða þegar tekið var við vörunni til flutnings), þar með talið, en án takmörkunar, raunveruleg eða yfirvofandi farsótt, sóttkví, ís, verkfall, verkban, órói á vinnumarkaði, bann, þrengsli eða örðugleikar við fermingu eða affermingu, að skipstjóri eða farmflytjandi efi á einhverjum tíma að skipið geti örugglega og án tafa farið úr lestunarhöfn eða komist til eða farið inn í losunarhöfn eða geti affermt þar

á venjulegan hátt eða haldið ferðinni áfram þaðan má afferma vöruna í lestunarhöfn eða sérhverri höfn, sem þeir eða annar hvor þeirra kann að telja örugga og hentuga eða fara með hana á annan hátt í samræmi við þær heimildir sem um getur í 11. grein.

- (iv) Í þeim tilfellum, sem um getur í öllum liðum þessarar greinar, getur farmflytjandi hvenær sem er frestað samningnum, gert hlé á honum eða fellt hann niður, jafnvel áður en tekið hefur verið við vörunni og/ eða hún fermd og/eða farmskírteini hefur verið gefið út. Afferming hverskyns farms samkvæmt ákvæðum þessa liðar og/eða lok flutnings vegna hverskyns fyrirskipana eða fyriræla, sem að framan greinir, telst efnd samningsins, hvort sem varan er affermd eða ekki.
- (v) Viðskiptamaður ber ábyrgð á öllum viðbótarfarmgjöldum og biðdagagjöldum svo og öllum gjöldum og kostnaði, sem skipstjóri og farmflytjandi verða fyrir við framangreindar aðgerðir.
- (vi) Ef mögulegt er, en án ábyrgðar farmflytjanda, ber að tilkynna viðtakanda um tilfelli, sem um getur í þessari grein.

### 13.Ábyrgð og skylda viðskiptamanns að fara að lögum staðar:

Viðskiptamaður ber ábyrgð á og ber að verja, bæta og halda farmflytjanda og skipi skaðlausum vegna hverskyns greiðslna, útgjalda, sekta, gjalda, tolla, skatta, álagninga, tapa, skemmda eða kyrrsetninga, sem farmflytjandi verður fyrir, bakar sér eða lögð eru á hann eða skipið í sambandi við vöruna af hvaða sökum sem er, þar með töldu en þó ekki tæmandi eðli, gæðum eða ástandi (hvort sem kunn hafa verið farmflytjanda eða skipstjóra eða ekki) og vegna hvers konar brota á skyldum sínum samkvæmt farmskírteini þessu. Einnig vegna hverskyns aðgerða eða kröfu ríkisstjórnar, stjórnvalda eða aðila, sem segist starfa samkvæmt heimild þeirra, haldlagningu vegna málaferla eða tilraun til haldlagningar, rangra eða ófullnægjandi merkinga, tölu- eða viðtakandamerkingar pakka eða lýsingar á innihaldi, ef viðskiptamaður útvegar ekki vottorð ræðisskrifstofu, öryggis, heilbrigðis- eða tollayfirvalda eða önnur skírteini sem eiga að fylgja vörunni eða nauðsynleg eru til að fullnægja hverskyns lögum og reglugerðum, sem sett eru um vöruna af yfirvöldum í sérhverri höfn eða stað eða hverskyns athöfn eða athafnaleysi viðskiptamanns. Verði af einhverri ástæðu synjað um innflutning vörunnar ber viðskiptamaður ábyrgð á og skal greiða farmgjald vegna endursendingar og gjöld í því sambandi.

### 14.Hitastýrður farmur:

- (i) Vöru, þar með talið viðkvæma vöru, má flytja í venjulegum þurrgámum eða venjulegu farmrými skipsins án sérstakrar verndar, umönnunar eða annars konar aðgerða nema það komi fram á framhlið þessa farmskírteinis og/eða það hafi beinlínis verið samið um það skriflega þegar flutningurinn var pantaður að varan yrði flutt í frysti-, hita-, rafloftræstum- eða annars konar sérstaklega útbúnum gámi eða farmrými eða eigi að fá einhverskonar sérstaka meðferð.
- (ii) Viðskiptamaður ábyrgist að afhenda ekki til flutnings neina vöru, sem þarfnast hitastýringar, án þess að afhenda áður skriflegar upplýsingar um flutningshitastig, sem halda þarf, og þegar um er að ræða hitastýrðan gám, sem fylltur er af eða af hálfu viðskiptamanns, ábyrgist hann enn fremur að vörunni hafi verið hlaðið á réttan hátt í gáminn við rétt hitastig, og loftop ef þörf krefur, og að hitastillitæki hans og loftop hafi

jafnan verið stillt á fullnægjandi hátt af honum áður en varan er afhent til farmflytjanda. Hafi ofangreindum skilyrðum ekki verið fullnægt skal farmflytjandi ekki vera ábyrgur fyrir nokkru tapi eða skemmdum á vörunni, hvernig sem þær verða.

- (iii) Þar sem orðalagið „að því er virðist í góðu lagi og ástandi“ er notað í farmskírteini þessu með vísan til vöru sem þarfnast hitastýringar, loftræstingar eða annars konar sérstaka meðferð þýðir það ekki að farmflytjandi hafi gengið úr skugga um að varan hafi við móttöku verið á því flutningshitastigi, rakastigi eða í því ástandi sem viðskiptamaður heldur fram.
- (iv) Farmflytjandi ábyrgist ekki að gámur eða farmrými skipsins muni vera nægilega loftræst, kælt eða hitað meðan á flutningi stendur og ber farmflytjandi ekki ábyrgð á nokkru tapi eða skemmdum á vörunni, sem stafa af leyndum göllum, gangtruflun, bilun eða stöðvun véla til hitastýringar, vélasamstæðu, einangrun og/eða hverskyns útbúnaðar gáms, skips, flutningatækis og sérhvers annars búnaðar að því tilskildu að farmflytjanda ber fyrir og við upphaf flutningsins að sýna eðlilega árvekni við að halda frysti/kælibúnaði á því hitabili, sem í farmskírteini þessu segir, ef þess er getið.

### 15.Gámar:

- (i) Farmflytjandi eða umboðsmenn hans eða starfsmenn geta hlaðið vöru í gáma og/eða sett vöru með öðrum vörum í gáma. Hvort sem gámar eru hlaðnir eins og að framan segir eða tekið er við þeim hlöðnum frá viðskiptamanni má flytja þá á þilfari eða undir þiljum án þess að tilkynna viðskiptamanni það og ef þeir eru fluttir þannig gilda Haagreglurnar eða (þegar við á) US COGSA eins og felldar eru inn í skjal þetta, þó með undantekningu samkvæmt 21. grein (ii), án tillits til þess, hvort flutt er á þilfari eða undir þiljum, og varan og/eða gámarnir taka þátt í sameiginlegu sjótjóni og/eða björgunarlaunum, hvort sem flutt er á þilfari eða undir þiljum.
- (ii) Hafi gámur ekki verið lestaður, fylltur, hlaðinn eða í hann sett af farmflytjanda er farmskírteini þetta aðeins kvittun fyrir móttöku á slíkum gámi og ber farmflytjandi ekki ábyrgð á tapi eða skemmdum á innihaldi hans og viðskiptamanni ber að verja, bæta og halda farmflytjanda skaðlausum gegn sérhverju tapi, skemmdum, ábyrgð eða kostnaði, sem farmflytjandi verður fyrir ef slíkt tap, skemmdir, ábyrgð eða kostnaður hefur orsakast af;
  - (a) því, hvernig gámurinn hefur verið lestaður, fylltur, hlaðinn eða í hann sett; eða
  - (b) vanhæfni innihaldsins til flutnings í gámum; eða
  - (c) vanhæfni eða gallaðs ástands gámsins, sem verður án skorts á eðlilegri árvekni af hálfu farmflytjanda við að gera gáminn eðlilega hæfan til þeirra nota, sem hann er ætlaður; eða
  - (d) vanhæfni eða gallaðs ástands gámsins, sem hefði orðið ljóst við eðlilega skoðun viðskiptamanns á eða fyrir þann tíma þegar gámurinn var lestaður, fylltur, hlaðinn eða í hann sett; eða
  - (e) pökkun vöru sem þarfnast hitastýringar, þar með talið frystrar/ kældrar vöru, sem ekki er á réttum hita til flutnings samkvæmt skjali þessu.
- (iii) Viðskiptamaður skal skoða gáma áður en hann hleður í þá og skal notkun gáma veita löglíkur fyrir því að gámarnir hafi verið í góðu og nothæfu ástandi.
- (iv) Farmflytjanda er heimilt, en ber engin skylda til, að opna hvaða gám sem er hvenær sem er og skoða innihaldið. Komi þá í ljós að innihaldið eða einhver hluti þess verði ekki á öruggan eða eðlilegan hátt flutt eða flutt lengra, annað hvort alls ekki eða án

þess að hafa í för með sér aukin útgjöld eða aðgerða er þörf varðandi gáminn eða innihald hans eða einhvern hluta þess, er farmflytjanda heimilt að hætta við flutninginn og/eða grípa til aðgerða og/eða stofna til hverskyns eðlilegra viðbótarútgjalda til að flytja eða halda áfram flutningi eða til að fá geymslu á landi eða sjó undir þaki eða undir berum himni, hvar sem er, og skal slík geymsla þá teljast rétt afhending samkvæmt farmskírteini þessu. Viðskiptamanni ber að halda farmflytjanda skaðlausum vegna hverskyns eðlilegra viðbótarútgjalda, sem þannig er stofnað til.

- (v) Þegar vara, sem farmskírteini hefur verið gefið út fyrir, er hluti sendinga, sem safnað hefur verið í gám, annað hvort af hálfu viðskiptamanns eða farmflytjanda, skal farmflytjandi hafa leyfi til að tæma slíkan gám í því skyni að afhenda nefnda vöru.
- (vi) Þegar gámur, sem er í eigu farmflytjanda eða hann hefur á leigu, er tæmdur á athafnasvæði viðskiptamanns, ber viðskiptamaður ábyrgð á því að skila gáminum tafarlaust eða innan tilgreinds tíma sópuðum og þrifnum að innan á losunarstað eða á stað, sem farmflytjandi, starfsmenn hans eða umboðsmenn tilgreina. Viðskiptamaður er ábyrgur fyrir leigu, kostnaði af þrifum, biðdagagjaldi, tapi og kostnaði, sem til kann að koma ef ekki verður af skilum gámsins eða að þau tefjast. Komi til þess að viðskiptamaður skili ekki gámi innan þeirra tímamarka sem farmflytjandi tiltekur hefur farmflytjandi rétt á að sækja sjálfur gáminn til viðskiptamanns án tilkynningar á áhættu og kostnað viðskiptamanns.
- (vii) Viðskiptamaður ber ábyrgð á sérhverju tapi eða skemmdum á gámi og öðrum tækjum meðan þau eru í hans vörslu af hvaða ástæðu sem er. Viðskiptamaður skal bæta farmflytjanda skaðann og halda honum skaðlausum af öllu tapi og/eða skemmdum og/eða töfum vegna slíks gáms og annars konar tækis.

## 16. Haldsréttur:

Farmflytjandi á haldsrétt í vörunni og skjölum sem hana varðar, þar með talið hvers konar gámi í eigu viðskiptamanns eða sem hann hefur á leigu, vegna:

- a) allra upphæða sem greiða ber farmflytjanda samkvæmt þessum samningi,
- b) allra upphæða sem farmflytjandi á rétt á frá viðskiptamanni samkvæmt öðrum samningum, hvort sem eru tengdir flutningi á vörunni eða ekki, og
- c) sjótjónsframlags og/eða framlags til björgunarlauna, hver sem á rétt á því.

Haldsrétturinn skal undir öllum kringumstæðum ná til kostnaðar og útgjalda sem fellur til þegar þessum rétti er beitt og í þeim tilgangi hefur farmflytjandi rétt á að selja vöruna eða skjölin á opinberu uppboði eða með frjálsri sölu á þann hátt sem farmflytjandi telur hagstæðast án tilkynningar til viðskiptamanns og án þess að það baki farmflytjanda ábyrgð. Viðskiptamaður samþykkir að ekkert verðmat á vörunni fari fram fyrir slíka sölu. Nægi afraksturinn af sölu vörunnar ekki til að mæta gjaldfallinni fjárhæð sem og kostnaði og útgjöldum sem stofnað hefur verið til, á farmflytjandi rétt á að fá mismuninn greiddan úr hendi viðskiptamanns. Viðskiptamaður ber að verja, bæta og halda farmflytjanda skaðlausum vegna hverskyns kostnaðar, sem hann verður fyrir við að nýta sér rétt sinn samkvæmt þessari grein.

## 17. Flutningsgjöld; Greiðsla gjalda:

- (i) Flutningsgjöld greiðast af raunverulegum brúttó þunga eða máli við móttöku eða, að vali farmflytjanda, af raunverulegum brúttó þunga eða máli við losun. Reikna

má flutningsgjöld á grundvelli upplýsinga um vöruna, sem viðskiptamaður veitir í skjali þessu, en farmflytjandi má hvenær sem er opna hvaða gám sem er eða annan pakka og athuga, vega, mæla og virða vöruna. Reynist upplýsingar viðskiptamanns rangar og greiða ber viðbótarflutningsgjöld, falla á vöruna hverskyns útgjöld vegna skoðunar, vigtunar, mælingar og virðingar vörunnar. Óskert flutningsgjöld ber að greiða fyrir skemmda eða gallaða vöru. Óskert flutningsgjöld samkvæmt skjali þessu teljast að fullu áunnin þegar farmflytjandi tekur við vörunni og farmflytjandi á rétt á öllum flutningsgjöldum og öðrum gjöldum er á falla samkvæmt skjalinu, hvort sem þau hafa raunverulega verið greidd eða ekki og því að taka við og halda þeim undir hvaða kringumstæðum sem er, hvort sem skipið og/eða varan hafa tapast eða ekki.

- (ii) Viðskiptamaður er ábyrgur fyrir öllum útgjöldum við að flokka, gera við, sekkja eða lagfæra vöru og/eða umbúðir, sem varan er í, svo og við að safna saman lausum farmi og/eða innihaldi pakka, enda stafi það af ónógum umbúðum eða áhættum, sem undanþegnar eru.
- (iii) Þegar búið er að ferma vöru getur viðskiptamaður ekki tekið hana brott nema með samþykki farmflytjanda og gegn greiðslu óskertra flutningsgjalda og bóta fyrir hverskyns skaða, sem farmflytjandi verður fyrir vegna þess að vara er þannig fjarlægð.
- (iv) Viðskiptamanni ber að greiða hverskyns skipagjöld, geymslugjöld, hafnargjöld, tolla og gjöld, bryggjugjöld og önnur gjöld, sem greiða ber vegna vörunnar eftir að hún fer úr búnaði skips.
- (v) Hver viðskiptamaður ber sameiginlega og óskipta ábyrgð gagnvart farmflytjanda á greiðslu gjalda og á efnidum á þeim skyldum sem á þeim hvíla samkvæmt samningi þessum. Öll ógreidd gjöld sem greiða ber til farmflytjanda skal greiða að fullu um leið og þeirra er krafist og skulu þau greidd án nokkurrar skuldajöfnunar, gagnkröfu eða frádráttar. Hverskyns skekkja í flutningsgjaldi, öðrum gjöldum eða í flokkun vöru er háð leiðréttingu og ef leiðrétt flutningsgjald eða gjöld eru hærrí getur farmflytjandi innheimt viðbótarupphæðina hjá viðskiptamanni.
- (vi) Þrátt fyrir að farmflytjandi samþykki fyrir mæli um að innheimta gjöld hjá sendanda eða móttakanda eða einhverjum öðrum aðila skal viðskiptamaður bera áfram ábyrgð á greiðslu slíkra gjalda til farmflytjanda þegar þess er krafist, þegar ekki liggur fyrir sönnun um að slíkur sendandi eða móttakandi eða annar aðili hafi greitt gjöldin.
- (vii) Hvers konar athugasemd í sambandi við gjöldin eða önnur atriði í reikningi farmflytjanda skal gera strax og ekki síðar en þrjátíu dögum eftir dagsetningu reiknings.
- (viii) Viðskiptamanni ber að verja, bæta og halda farmflytjanda skaðlausum vegna hverskyns kostnaðar, sem hann verður fyrir við að nýta sér rétt sinn samkvæmt þessari grein.

## 18. Ákvæði um beggja sök á árekstri:

Ákvæði um beggja sök á árekstri og ákvæði sem kennt er við New Jason sem gefin eru út og/eða samþykkt eru af BIMCO og hægt er að fá hjá farmflytjanda eða umboðsmönnum hans eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum samningi.

## 19. Sameiginlegt sjótjón og björgun:

- (i) Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður og greiða í samræmi við York-Antwerpen reglur frá 1994 í hvaða höfn eða stað, sem farmflytjandi velur, hvort sem því er lýst yfir af



farmflytjanda eða af undirvertaka farmflytjanda, vegna alls farms, hvort sem fluttur er á þilfari eða neðan þilja. Viðskiptamaður skal leggja fram innborgun í peningum eða aðra þá tryggingu, sem farmflytjandi telur nægja fyrir sameiginlegu samtjónsframlagi vörunnar fyrir afhendingu ef farmflytjandi krefst þess eða, krefjist farmflytjandi þess ekki, innan þriggja mánaða frá afhendingu vörunnar, hvort sem viðskiptamaður hafði við afhendingu fengið tilkynningu um haldsrétt farmflytjanda eða ekki. Farmflytjandi skal á engan hátt skuldbundinn til að nýta haldsrétt fyrir sameiginlegu samtjónsframlagi til handa viðskiptamanni. Verði slys, hættuástand, skemmdir eða stórtjón fyrir ferð eða að henni lokinni, vegna hverskyns orsaka, hvort sem það er vegna vanrækslu eða ekki, en farmflytjandi er ekki ábyrgur að lögum, samkvæmt samningi eða á annan hátt, ber vörunni og viðskiptamanni ásamt farmflytjanda, þegar um sameiginlegt sjóttjón er að ræða, að greiða hverskyns tap, tjón eða útgjöld sem af sameiginlegu sjóttjóni leiða og einnig greiði þeir björgunarlaun og sérstök gjöld vegna vörunnar.

- (ii) Telji skipstjóri að nauðsynlegt sé að leita björgunaraðstoðar samþykkir viðskiptamaður að skipstjóri komi fram fyrir sína hönd við að útvega slíka aðstoð vegna vörunnar. Viðskiptamaður skal greiða björgunarlaun og önnur sérstök gjöld sem til er stofnað vegna vörunnar og skal viðskiptamaður leggja fram innborgun í peningum eða aðra þá tryggingu, sem farmflytjandi telur nægja fyrir áætluðu framlagi vörunnar til björgunarlauna og annarra sérstakra gjalda fyrir afhendingu ef farmflytjandi krefst þess. Ef farmflytjandi á eða rekur björgunarskip ber að greiða fullt gjald fyrir björgun eins og ef björgunarskipið hefði tilheyrt ötengdum aðila.

## 20. Eldsvoði:

Farmflytjandi er ekki ábyrgur fyrir því að svara fyrir eða bæta neitt tap eða skemmdir á vöru hvenær sem það verður og jafnvel þótt það verði fyrir fermingu í eða eftir affermingu úr skipinu þegar um er að ræða hverskyns eldsvoða, nema honum sé valdið af ásetningi eða gáleysi hans sjálfs.

## 21. Farmflytjandi ræður hleðslu:

- (i) Án þess að tilkynna viðskiptamanni má hlaða vöru á þilfar og, auk þess, án takmörkunar, á skutpall, hvalbak, þilfarshús, hlífðarþilfar, farþegarými, eldsneytisrymi eða hverskyns annað yfirbyggt rými, þar sem venja er að flytja vöru. Vara sem þannig er flutt, telst flutt undir þiljum í öllum tilgangi þar með töldu sameiginlegu sjóttjóni. Haagreglurnar og (þegar við á) US COGSA eins og fellt er inn í skjal þetta gilda um slíkan flutning vöru, sem þannig er komið fyrir.
- (ii) Gámar og vara, sem fram er tekið á forsiðu skjals þessa að flutt sé á þilfari á áhættu sendanda eða viðskiptamanns, er flutt án ábyrgðar farmflytjanda á hverskyns tapi eða skemmdum, sem til koma í flutningi á sjó hvort sem þær orsakast af óhæffærni, vanrækslu eða hverskyns öðrum atvikum.
- (iii) Lifandi dýr og jurtir eru fluttar algjörlega á ábyrgð viðskiptamanns. Ef um lifandi dýr er að ræða ber farmflytjandi alls enga ábyrgð á meiðslum, veikindum, dauða, töfum eða eyðileggingu hvernig sem verða, jafnvel þótt aðgerðir, vanefndir eða vanræksla farmflytjanda eða óhæffærni eða óhæfni hverskyns skips, fars, flutningatækis, gáms eða annars á hvaða tíma sem er, hafi valdið eða átt þátt í slíku.

## 22. Hættuleg vara:

- (i) Viðskiptamaður ábyrgist að afhenda ekki vöru til flutnings, sem er hættuleg, eldfim, geislavirk eða spillandi eðlis án þess að gefa farmflytjanda fyrirfram skriflega tilkynningu um eðli hennar og merkja vöruna og gáminn eða aðrar umbúðir að utan eins og krafist er í hverjum þeim lögum eða reglugerðum, sem kunna að gilda meðan á flutningi stendur.
- (ii) Viðskiptamaður ábyrgist að vörunni sé pakkað á þann hátt að hún þoli þær venjulegu hættur sem felast í flutningnum með tillit til eðli hennar og þannig að hún fullnægi öllum lögum og reglugerðum sem um hana kunna að gilda meðan á flutningi stendur.
- (iii) Verði kröfum málsgreina (i) og (ii) ekki fullnægt ber viðskiptamanni að verja, bæta og halda farmflytjanda skaðlausum gegn hverskyns tapi, skemmdum eða kostnaði, sem til kemur vegna þess að varan er boðin til flutnings, meðhöndluð eða flutt af farmflytjanda.
- (iv) Vöru, sem er eða verður einhvern tíma hættuleg, eldfim, geislavirk eða spillandi, má hvar eða hvenær sem er afferma, eyða eða gera skaðlausa án bóta og ef viðskiptamaður hefur ekki tilkynnt farmflytjanda um eðli hennar samkvæmt (i) lið hér að framan skal farmflytjandi ekki skuldbundinn til að leggja neitt til sameiginlegs sjóttjóns vegna slíkrar vöru.

## 23. Tilkynning og afhending:

- (i) Ef getið er í skjali þessu um aðila, sem tilkynna á um komu vörunnar, er það eingöngu til upplýsinga fyrir farmflytjanda og ef slík tilkynning er ekki gefin skal það ekki valda farmflytjanda neinni ábyrgð né leysir það viðskiptamann undan neinni skuldbindingu samkvæmt skjali þessu.
- (ii) Þegar flutningurinn, sem farmskrírteini þetta fjallar um, er frá höfn til hafnar er farmflytjanda frjálst að afferma vöruna eða einhvern hluta hennar án tilkynningar jafnharðan og að henni kemur á hvaða hafnarbakka, far eða stað sem er, hvaða dag sem er og á hvaða tíma er, og skal viðskiptamaður taka við vörunni um leið og hún hefur verið affermd samkvæmt framansögðu. Slík afferming skal vera ígildi raunverulegrar afhendingar, og lýkur þá ábyrgð farmflytjanda (ef einhver er) að fullu að því er vöruna varðar eða þann hluta hennar sem affermdur hefur verið eins og fyrr segir, þrátt fyrir aðrar venjur í höfninni og þrátt fyrir hverskyns gjöld, álögur eða annan kostnað, sem þegar er gjaldfallinn eða kann að gjaldfalla.
- (iii) Þegar flutningurinn, sem farmskrírteini þetta fjallar um, er fjölþáttaflutningur skal viðskiptamaður taka við vörunni um leið og hún kemur til afhendingarstaðar, eða um leið og hún hefur verið affermd ef afhendingarstaður er ekki tilgreindur á framhlið farmskrírteinis þessa í samræmi við lið (ii) í þessari grein. Slík koma til afhendingarstaðar eða afferming, eftir því sem við á, skal vera ígildi raunverulegrar afhendingar, og lýkur þá ábyrgð farmflytjanda (ef einhver er) að fullu að því er vöruna varðar, þrátt fyrir aðrar venjur í höfninni og þrátt fyrir hverskyns gjöld, álögur eða annan kostnað, sem þegar er gjaldfallinn eða kann að gjaldfalla.
- (iv) Ef viðskiptamaður tekur ekki við vörunni í samræmi við það sem mælt er fyrir um í þessari grein er farmflytjanda heimilt, án tilkynningar og án þess að það baki farmflytjanda ábyrgð, að losa vöruna úr gámi ef henni hefur verið komið fyrir í gámi og/eða koma vörunni í geymslu í landi, á sjó, undir berum himni, án yfirbreiðslu eða á einhvern annan hátt, á áhættu og kostnað viðskiptamanns.

(v) Ef varan er ekki sótt innan tíu almanaksdaga frá því afhending átti sér stað samkvæmt þessari grein eða ef farmflytjandi telur að varan muni að öllum líkindum rýrna, rotna, verða verðlaus eða á hana kunni að falla gjöld hvort sem er vegna geymslu eða annars, er farmflytjandi heimilt og frjálst með tillit til haldsréttar síns, án tilkynningar og án þess að það baki honum nokkra ábyrgð, að selja, farga eða á annan hátt losa sig við vöruna á þann hátt sem farmflytjandi telur hagstæðast hverju sinni, alfarið á áhættu og kostnað viðskiptamanns og ef um sölu er að ræða að ráðstafa endurgjaldinu til þess að lækka þær fjárhæðir sem farmflytjandi á rétt á frá viðskiptamanni.

## 24. Málmvörur:

Þar sem orðalagið „að því er virðist í góðu lagi og ástandi“ er notað í farmskírteini þessu með vísan til járn-, stál- eða málmframleiðsluvöru þýðir það ekki að varan hafi við móttöku verið laus við sjáanlegt ryð eða raka. Ef sendandi óskar þess verður gefið út nýtt farmskírteini þar sem framangreindri skilgreiningu er sleppt og skráðar hverjar þær athugasemdir um ryð eða raka, sem fram kunna að koma á kvittunum stýrimanns eða talningamanns.

## 25. Bandarísk gildisákvæði:

- (i) Ef flutningur felur í sér flutning til, frá eða um höfn í Bandaríkjum Norður-Ameríku lýtur farmskírteini þetta lögum Bandaríkjanna um vöruflutninga á sjó (1936) (US COGSA), en ákvæði þeirra eru felld inn í skjal þetta og skulu gilda meðan flutningur fer fram á sjó (utan þess er segir í 21. grein (ii)) og allan tímann meðan varan er í vörslu farmflytjanda eða undirverktaka hans á hafnarbakka fyrir feringu eða eftir affermingu eftir því sem við á.
- (ii) Farmflytjandi ber ekki á neinn hátt, hverju nafni sem nefnist, ábyrgð á tapi, skemmdum eða töfum á vörunni á meðan hún er í Bandaríkjum Norður-Ameríku utan losunarstaðar skips og er ekki í raunverulegri vörslu farmflytjanda. Þegar svo stendur á starfar farmflytjandi einungis sem umboðsmaður við að útvega flutning hjá þriðja aðila (eins eða fleiri) samkvæmt venjulegum skilmálum og skilyrðum slíks þriðja aðila. Ef farmflytjandi er af einhverri ástæðu synjað um réttinn til að starfa sem umboðsmaður eingöngu á þessum stigum verður ábyrgð hans á tapi, skemmdum eða töfum vörunnar ákvörðuð í samræmi við 6., 7., 9. og 10. grein skjals þessa.
- (iii) Ef almennur farmflytjandi, sem ekki rekur skip (non-vessel operating common carrier (NVOCC)) eða söfnunarumboðsmaður sem starfar sem NVOCC tekur við farmskírteini þessu, og hefur síðan gert aðra flutningasamninga við þriðju aðila, ábyrgist hann hér með að allir flutningasamningar, sem hann gerir vegna vörunnar, er farmskírteini þetta fjallar um, feli í sér skilmála og skilyrði farmskírteinis þessa og sé, þar sem nauðsyn ber til, í samræmi við gjaldskrár farmflytjanda eða NVOCC, sem leggja þarf fyrir viðkomandi stjórnvöld. Framangreindur NVOCC fellst einnig á að verja, bæta og halda farmflytjanda, starfsmönnum, umboðsmönnum og undirverktökum hans skaðlausum gagnvart öllum afleiðingum þess að hann láti undir höfuð leggjast að fella atriðin inn í skjalið.

(iv) Eins og heimilað er í US COGSA fer ábyrgð farmflytjanda og/eða skipsins ekki fram úr upphæðinni sem tilgreind er í 7. grein (iii) skjals þessa, nema verðmæti vörunnar hafi verið skráð á forsiðu skjalsins og viðbótarflutningsgjöld hafi verið greidd af skráðu verðmæti, sé þess krafist.

## 26. Gildi:

Fari svo að einhver ákvæði skjals þessa séu ekki í samræmi við gildandi alþjóðasáttmála eða landslög, sem samningurinn verður að lúta, skulu ákvæði þess vera dauð og ómerk, að því marki en ekki frekar.

## 27. Lögsaga og lög:

Að undanskildu því sem fram kemur í 25. grein (Bandarísk gildisákvæði) gilda íslensk lög um samning þann, sem felst í farmskírteini þessu, og hverskyns deilumál, sem rísa samkvæmt honum, ber að úrskurða af íslenskum dómstólum samkvæmt íslenskum lögum og útilokar það lögsögu dómstóla í öðrum löndum.



